HRAFNINN

SKÓLABLAÐ HRAFNAGILSSKÓLA 2026-2027



Fenrisúlfurinn

Á forsíðunni má sjá glæsilegan Fenrisúlf sem nemendur á miðstigi hafa búið til á þemadögum. Fenrisúlfurinn er stór og magnaður úlfur úr norrænni goðafræði og var sköpunarverkið unnið af mikilli hugmyndaauðgi, samvinnu og sköpunargleði. Það er gaman að sjá hvernig nemendur hafa lífgað þessa goðsagnakenndu veru við með listsköpun sinni.



Loki

Hugrakki Týr og Fenrisúlfurinn





Fenrisúlfur er risastór og hættulegur úlfur úr norrænni goðafræði, sonur Loka og jötunkonunnar Angurboðu. Guðirnir (æsirnir) óttuðust hann vegna spádóma um að hann myndi valda þeim miklum skaða í framtíðinni og þar sem hann óx ótrúlega hratt ákváðu þeir að binda hann.

Eftir að úlfurinn hafði slitið tvo sterka járnhlekki létu guðirnir dverga smíða töfrafjöturinn Gleipni sem leit út eins og mjúkur silkiborði en var algerlega óslítandi. Fenrisúlf grunaði að þetta væri gildra og samþykkti aðeins að láta binda sig ef einhver guðanna setti höndina í kjaft hans að veði. Guðinn Týr þorði að gera það og þegar úlfurinn gat ekki losað sig beit hann hægri höndina af Tý. Fenrisúlfur verður bundinn þar til heimsendir, Ragnarök, hefst, en þá losnar hann og gleypir Óðin áður en sonur Óðins, Víðar, hefnir föður síns og drepur úlfinn.

Skáldið Jónas Hallgrímsson



Jónas Hallgrímsson

Þekkt ljóð eftir Jónas

Ferðalok er eitt þekktasta og ástsælasta ástarljóð í íslenskum bókmenntum, samið veturinn 1844–1845. Ljóðið fjallar um ást, söknuð og sársaukann við að þurfa að skilja við manneskju sem maður elskar. Margir telja að ljóðið sé ort til Þóru Gunnarsdóttur.

Um Jónas Hallgrímsson

Jónas Hallgrímsson (fæddur 1807) var íslenskt skáld og náttúrufræðingur. Hann fæddist í Öxnadal og var einn af stofnendum tímaritsins Fjölnis. Hann orti mörg þekkt ljóð og barðist fyrir íslenskri tungu og menningu.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember, á fæðingardegi Jónasar, honum til heiðurs. Hann lést árið 1845 í Kaupmannahöfn.

Fyrsta erindið:
Ástarstjörnu
yfir Hraundranga
skýla næturský;
hló hún á himni,
hryggur þráir
sveinn í djúpum dali.

Seinasta erindið:
Háa skilur hnetti
himingeimur,
blað skilur bakka og egg;
en anda sem unnast
fær aldregi
eilífð að skilið.



Hver er uppruni ljóðsins?



Enginn veit fyrir víst hversu gömul ljóðlistin er eða hvernig hún varð til. Þó er vitað að hún er ævagömul. Við eigum mjög skemmtilega en skrítna sögu af því hvernig skáldskapurinn varð til. Sú frásögn kemur úr mjög gamalli bók sem heitir *Snorra-Edda*.

Einu sinni voru goðin okkar ósátt við fólk sem kallaðist Vanir. Til að semja frið komu allir saman við ker og spýttu í það hráka sínum. Úr þessum hráka bjuggu goðin til mann sem hét Kvasir. Kvasir var svo vitur að hann vissi allt og enginn gat spurt hann spurninga sem hann gat ekki svarað.

Hann fór víða um heim til að kenna mönnum fræði. Á ferð sinni hitti hann dvergana Fjalar og Galar. Þeir voru ekki góðir dvergar eins og í sögunni um Mjallhvíti.

Þeir drápu aumingja Kvasir, létu blóð hans renna í tvö ker og einn ketil og blönduðu hunangi saman við blóðið. Þessi mjöður kallaðist skáldamjöður og hver sem drakk hann varð fræðimaður eða skáld.

Þessi forna frásögn af uppruna skáldskaparins er eins góð skýring og hver önnur um það hver uppruni ljóða sé.





Ljóðið „Á Sprengisandi“ eftir Grím Thomsen

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.
Þey þey! þey þey! þaut í holti tóa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að hóa
undarlega digrum karlaróm;
Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannske að smala fé á laun.
Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið,
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki er gott að verða á hennar leið;
Vænsta klárinn vildi eg gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.





Gleymda skáldið

Grímur Thomsen er þekkt íslenskt skáld. Hafrún, Anna og Lilja fóru á stúfana og spurðu krakka og kennara hvort þau þekktu ljóðið „Á Sprengisandi” og svörin komu mikið á óvart. Allir þekktu ljóðið en enginn mundi hvað skáldið hét. Við töluðum við kennarana Silju Garðarsdóttur, Óðin Ásgeirsson og skólastjórann okkar Ólöfu Ásu Benediktsdóttur. Því miður dæstu þau öll og sögðu að þau þekktu ljóðið en ekki skáldið.

Einnig töluðu þær við Agnesi Isabellu Hákonardóttur í 5. bekk, Einar Hjalta Steingrímsson í 9. bekk og Halldór Inga Guðmundsson í 10. bekk.

Viðtal við Tómas Breka rithöfund



Tómas Breki ásamt kennurunum Guðnýju og Hjördísi

Blaðamennirnir Anna María og Hafrún Lea ásamt ljósmyndaranum Lilju Sól kíktu upp á miðstig til rithöfundarins Tómasar Breka Baldurssonar og skutu á hann nokkrar góðum og vel völdum spurningum.
Tómas Breki Baldursson er í 6. bekk og gaf út bók sem heitir *Eitthvað leynist í skóginum.*

Hann skrifaði hana því hann hefur alltaf verið mikið fyrir bækur og hann langaði að prófa að skrifa bók. Tómas skrifaði sirka 1-2 kafla á dag og reyndi að vanda sig með stafsetninguna eins mikið og hann mögulega gat. Tómas segir að það hafi farið algjörlega eftir skapi hversu mikið hann trúði á sig.

Tómas er byrjaður að skrifa nýja bók og uppáhaldsskáld hans er Ævar Þór Benediktsson.



Tómas Breki

Viðtal við smiðinn Þorgils Magnússon

Við fengum að fara og taka viðtal við Þorgils Magnússon smið hjá B. Hreiðars þar sem hann svaraði nokkrum spurningum og gekk með okkur í gegnum nýju hæðina á skólanum þar sem tónmenntastofan, unglingastigið og nýja ræktin verða.



Þorgils í nýja anddyrinu norðan við skólann.

Þorgils er smiður hjá B. Hreiðars og var að vinna við að festa járnvinkil til að halda uppi þakinu á anddyri norðanmegin við skólann daginn sem við töluðum við hann.



Hérna er Þorgils að ganga með okkur í gegnum efri hæð skólans. Þarna erum við stödd á nýja unglingastiginu.



Þarna stöndum við fyrir ofan búningsklefann í nýju líkamsræktinni .

Þótt smiðirnir þurfi að vinna úti í kalda veðrinu þá finnst Þorgilsi það bara geggjað því þá er honum ekki of heitt. Honum finnst mjög gaman að vinna sem smiður og sagði okkur að eitt uppáhaldsverk hans væri að vinna við að byggja hús uppi á heiði. Að auki finnst honum mjög gaman að slá upp steypumót.

Það sem smiðirnir hafa verið að gera síðustu daga er að byggja upp efri hæð skólans og lyftuna sem kemur þar. Þegar við kíktum á smiðina voru þeir að byggja nýtt anddyri norðan megin við skólann.

B.HREIDARSSON
VERKTAKAR
Ekki vandamál!

B. Hreiðarssynir hafa verið að vinna við að byggja við skólann í nokkur ár og byggðu leikskóla við skólabygginguna okkar. Að auki eru þeir búnir að gera rosalega flottar breytingar við ganginn hjá miðstiginu. Núna eru þeir að byggja aðra hæð ofan á skólann þar sem unglingastigið mun koma, tónmenntastofan og líkamsrækt koma svo ofan á búningsklefana.

Framkvæmdahornið













Viðtal við Jón Jósep Snæbjörnsson



Jón Jósep Snæbjörnsson er íslenskur söngvari, lagahöfundur og leikari. Hann fæddist á Akureyri þann 1. júní 1977 og er mest þekktastur sem söngvari hljómsveitarinnar *Í svörtum fötum*.
Við fengum að taka viðtal við hann og spyrja hann nokkurra spurninga.

Þegar Jónsi byrjaði tónferilinn sinn var hann trommari og segir að hann hugsi mikið um trommur.
Ef Jónsi hefði ekki verið söngvari þá myndi hann vera gítarleikari.

Fyrsta lag Jónsa var eitthvað skrítið rokklag. Þeir í hljómsveitinni klipptu lagið í búta og hann söng eitthvað yfir þessa búta. Svo settu hann og Einar Örn (hljómborðsleikari í svörtum fötum) bútana saman og út kom lagið Nakinn sem er eitt stærsta lag þeirra í dag.



Innblástur Jónsa að því að verða söngvari og lagahöfundur kom frá því hversu stór hlutur það er að vera söngvari og lagahöfundur.

Jónsi segist hafa gert lítið annað en hlustað á tónlist sem unglingur og þótti honum það mjög gaman. Jónsi sagði okkur að Vilhjálmur Vilhjálmsson, sem er látinn í dag, og Stefán Hilmarsson, sem er úr hljómsveitinni *Sálin hans Jóns míns*, væru tvö uppáhaldsskáld hans.

Viðtal við Björk aðstoðarskólastjóra

Björgvin og Hafþór skelltu sér upp á efri hæðina í þeim tilgangi að fá að taka viðtal við Björk aðstoðarskólastjóra.

Björk segist vera mjög ánægð með þemað í ár vegna allra möguleikanna sem það býður upp á, en ástæðan fyrir valinu er sú að það var kosið um það og þemað skáld vann í þeirri kosningu.



Uppáhalds skáldið hennar er Magnús heitinn Eiríksson textahöfundur og tónlistarmaður. Hún heldur líka að hún hafi verið fín í skóla og segist aldrei hafa gert nein prakkarastrik fyrir utan að fara stundum inn á strákavistina í heimavistar-skólanum.

Brandarahornið



- „Þjónn, það er fluga í súpunni minni!“ Þjónninn horfir ofan í skálina og segir: „Ekki hafa áhyggjur, köngulóin á brauðinu sér um hana.“

- Ferðamaður stoppar bónda á þjóðveginum og spyr: „Fyrirgefðu, kemst ég til Akureyrar ef ég fer þessa leið?“ Bóndinn hugsar sig um í smá stund og svarar: „Ja, ef þú ferð ekki of hratt, þá ættirðu að ná þangað fyrir jól.“

- Ég sagði konunni minni að hún væri að teikna augabrúnirnar sínar of hátt og hún leit bara hissa út.

- Ef þér er kalt skaltu drífa þig út í horn. Þar eru 90 gráður.

- Aldrei fara á andafund. Það gæti orðið andlát.

- Hvað sagði annar fiskurinn við hinn í fiskabúrinu? „Veist þú hvernig á að keyra þennan tank?“

- Vissir þú að Drakúla átti lítinn bróður sem var grænmetisæta og hét Rúkóla?

- Ég keypti mér skó hjá dópsala í gær og ég veit ekki hverju hann blandaði í þá, en ég er búinn að vera að fljúga um allan dag.

- Hvað sagði borðið við stólinn? Hæ sæti.

Pabbabrandarar:

- Hvað sagði stóri strompurinn við litla strompinn? „Þú ert of ungur til að reykja.“

- Hvað kallar maður fisk sem er með bindi? Sofistikeruð ýsa.

- Af hverju geta beinagrindur ekki barist? Þær hafa ekki kjark til þess.

- Hvað sagði brauðsneiðin við ostsneiðina? „Þú bræðir mig alveg.“

- Hvað gerir maður ef maður sér grænan mann? Maður bíður þar til hann verður þroskaður.

- Hvað kallar maður kind sem kann kung fu? Lambakjöt.

- Hvað kallar maður hund sem kann töfrabrögð? Labrakadabrador.

- Af hverju eru vísindamenn ekki hrifnir af frumeindum? Af því að þær búa allt til.





Viðtal við Villa Naglbít

Við fengum þann heiður að taka viðtal við Akureyringinn Vilhelm Naglbít sem fæddist 3. janúar 1978.

Hann sagði okkur frá nýju bókinni sinni sem heitir Strákurinn með sægrænu augun. Hún er um Tóbías Mar, 13 ára sjóræningjastrák sem elst upp á sjóræningjaskipi. Hann kemst að því að amma hans er drottning í neðansjávarríki hafbúanna. Hann fer þangað og þarf að leysa flókin vandamál og spennandi og kannski er stærsti leyndardómurinn hann sjálfur. Hugmyndin að bókinni kom þegar hann fór til Flateyrar í Önundarfirði. Hann var í eldgömlu húsi í miklu óveðri og þá rifjaðist upp saga sem hann sagði barninu sínu.

En hver er Villi? Við hringdum í hann einn fagran miðvikudagsmorgun í nóvember og spurðum hann spjörunum úr.

Hvert er uppáhalds lagið þitt með Naglbítunum? Það er annaðhvort *Hjartagull* eða *Lítill fugl.*

Hver er skemmtilegastur í hljómsveitinni? Það er Kári bróðir.

Í hvaða skólum varstu? Ég var í Litlu-Laugaskóla, Hyndland Primary í Glasgow, Lundarskóla, Gagganum, MA og síðan fór ég í háskóla.

Hvernig nemandi varstu? Ég hlýddi öllum kennurum en ég var forvitinn og mér fannst gaman að læra. Fyrsti kennarinn minn var mamma mín og skólastjórinn pabbi minn. Einu sinni tók mamma mín mig úr tíma þegar ég var óþægur og fór með mig inn til pabba míns. Þau skömmuðu mig en svo fórum við bara heim og borðuðum hádegismat.

Geturðu sagt okkur frá þínu helsta prakkarastriki í Gagganum? (Þarna varð Villi mjög vandræðalegur). Sko. Við gerðum einu sinni uppreisn og læstum kennarana inni á kaffistofunni með keðju og tréklossum. En þetta var kannski ekki prakkarastrik heldur bylting af því við vorum að mótmæla einhverju.

Hvað heldurðu að þú hafir gefið út mikið af skáldskap? Ef við teljum allt þá er ég búinn að gefa út níu bækur og fimm plötur held ég. Með textunum af plötunum eru þetta fleiri hundruð textar.

Þú hefur leikið í Sveppamyndunum en hvaðan kom hugmyndin um Sveppamyndina?

Þetta byrjaði sem sjónvarpsþættir sem hétu Með afa en svo hættu þeir og Sveppi tók við barnaefninu á Stöð 2. Hann hringdi í mig og spurði hvort ég vildi semja lög fyrir þættina því við vorum búnir að vera góðir vinir lengi. Síðan spurði hann mig hvort ég vildi gera fleiri lög og koma í þættina að spila og ég var alveg til í það. Svo endaði þetta bara þannig að ég var í öllum þáttunum og hét bara Villi og er bara eins og þú ert. Þegar þeir voru búnir að gera nokkrar þáttaraðir í nokkur ár ákvað Bragi leikstjóri að gera langan jólaþátt, þátt sem var klukkutími. Þá föttuðu þeir að bíómynd er bara tuttugu mínútum lengri og þannig gerðist það. Þetta var ekkert mastersplan.

Hver er uppáhalds Sveppamyndin þín? Dularfulla hótelherbergið.

Ertu með einhverja sturlaða staðreynd um þig? Já, ég er litblindur. Mjög fyndið þar sem ég vinn við að mála myndir. Og svo er ég ógeðslega góður í að spila á blokkflautu.

Ef það væri hringt í þig núna og þú beðinn um að gera aðra Sveppamynd, hverju myndir þú svara? Ef Baltasar Kormákur væri ekki búinn að tæma Kvikmyndasjóð. Nei, sko, við höfum oft talað um það og vorum meira að segja tilbúnir með hugmynd en það er bara svo dýrt að gera bíómynd og svakalega mikil vinna. En já, ég væri til í það um leið. Og þá myndi hún ábyggilega gerast á Hrafnagili.

Þegar viðtalið var búið spurði Villi okkur hvað okkur þætti skemmtilegast við það að búa til skólablað. Við vorum ekki lengi að svara að samheldnin í hópnum væri best og að taka viðtal við hann.

Við þökkum Villa kærlega fyrir að hafa gefið sér tíma fyrir okkur.



Viðtalshornið



Rannveig Rut tók viðtöl í Krummakoti við Önnu Maríu Sigfúsdóttur leikskólakennara og leikskólabarnið Alexöndru. Það var greinilegt að það er mjög gaman að vinna þar og maður lærir alltaf eitthvað nýtt. Krummakot er orðið 39 ára og þar eru um 70 krakkar. Á leikskólanum vinna þau oft með ljóð og bækur sem innihalda rím og fleira. Þessi kennari vinnur á deildinni Púfu og segir að það sé skemmtilegasta deildin. Hún segir líka að nýi leikskólinn sé mun betri því það sé meira pláss og bjartara þar inni.

Alexandra er á deild sem heitir Mói og þegar Rannveig spurði hvað þau væru að gera í leikskólanum var svarið að lita. Þau lesa líka mikið í leikskólanum.

Nokkrir krakkar í unglingadeildinni vinna á leikskólanum Krummakoti þegar þau eru búin í skólanum og hafa gert síðan í sumar. Rannveig spurði fjóra krakka úr 9. bekk hvernig væri að vinna þar.

Halldóra Brá Hákonardóttir segir að það sé mjög gaman. Hún lærir mikið og telur að þetta sé gott fyrir framtíðina þegar hún verður móðir. Einar Hjalti Steingrímsson segir að það sé misgott og fari eftir ýmsu. Hann segir að krakkarnir hendi sér í mann og séu oftast glaðir. Þórunn Sif Andradóttir segir að henni finnist rosalega gaman í vinnunni og það fari smá eftir dögum hvernig hún vinni. Lilju Sól Favor Kristbjörnsdóttur finnst vinnan stundum krefjandi en börnin eru samt svo góð þannig að henni finnst oft gaman.



Viðtal við Frikka Dór

Flestir vita hver Friðrik Dór er. Hann er söngvari, listamaður, meðlimur *Iceguys* og tók einu sinni þátt í söngvakeppni. En við fengum 10 mínútur af tímanum hans og spurðum hann nokkurra spurninga.

Hvaðan kemur innblásturinn til að búa til nýtt lag?

Innblásturinn er alls konar, eitthvað sem gerist í lífinu eða einmitt skemmtileg orð sem þú heyrir. Alls staðar í kringum mig í daglegu lífi er maður að pikka upp eitthvað. Lagið „Dönsum eins og hálfvitar“ kom frá samtali tveggja karla á kassa í Hagkaup.

Hversu lengi ert þú að búa til eitt lag?

Ótrúlega misjafnt. Þetta geta verið margar vikur og svo bara einn dagur. Að semja heilt lag getur tekið klukkutíma en að taka það upp og útsetja tekur lengri tíma. Jafn ólíkt og lögin eru mörg.

Færðu innblástur frá öðrum lögum?

Já, klárlega líka. Maður heyrir nýja músík sem hreyfir við manni og getur verið góður innblástur.

Hvað var fyrsta lagið þitt?

Fyrsta lagið sem ég gaf út var *Hlið við hlið árið* 2009.

Hvað er uppáhalds lagið þitt með þér?

Hlið við hlið af því að það var fyrsta lagið og kom mínum ferli vel af stað. Textinn er lýsandi fyrir það sem var að gerast í mínu lífi á þeim tíma.

Hvað þýðir fyrir þér að vera skáld?

Að vera skáld finnst mér vera að geta sett niður á blað tilfinningar eða pælingar og sett þær þannig niður að aðrir tengi við þær og fatti. Það er lykillinn að setja eitthvað saman, hvort sem það er fyndið eða dramatískt eða hvort það er lýsing á daglegum atburðum.

Fannst þér gaman að lesa ljóð sem krakki?

Já, mér fannst það alltaf gaman. Ég var alltaf frekar sáttur við það sem ég bjó til og fannst ég vera góður í því.

Í hvaða skóla varst þú?

Setbergsskóla.

Hvernig nemandi varst þú?

Nokkuð þægilegur. Mjög þægilegur krakki. Það var lítið vesen á mér og ég var alltaf góður nemandi.



Geturðu sagt okkur frá helsta prakkarastrikinu þínu í skóla?

Það eina sem ég man eftir er að einhvern tíma príluðum við upp á þakið á skólanum og við héldum að enginn væri í skólanum en skólastjórinn var þar inni og við vorum skammaðir.

Hvert er uppáhalds skáldið þitt?

Ég gæti þóst kunnað skil á gömlum skáldum en ég verð að segja Bubbi Morthens. Ég elska alla hans texta og öll hans ljóð. Þó að ég sé ekki af sömu kynslóð þá tengi ég við það sem hann semur.

Ef þú værir ekki söngvari, hvað værir þú?

Ég væri í einhverri hundleiðinlegri bankavinnu. Lærði nefnilega viðskiptafræði.

Hver er skemmtilegasti meðlimur í Iceguys?

Þeir eru allir fáránlega skemmtilegir en Jón bróðir er skemmtilegasti maður í öllum heiminum.

Hvað er uppáhaldslagið þitt með Iceguys?

Þegar vetur er notalegt jólalag og *Stingið henni í steininn* er funny á góðan hátt.

Geturðu sagt okkur sturlaða staðreynd um þig?

Ég er fáránlega góður í að herma eftir fíl (og svo hermdi hann eftir fíl).

Er Iceguys að hætta?

Já.

Viðtal við Ágúst Þór

Við fengum Ágúst Þór Brynjarsson til okkar í viðtal. Ágúst hjálpaði okkur við að setja upp söngleik í janúar og það var mjög skemmtilegt. Við ákváðum því að spyrja hann nokkurra spurninga um lagahöfundinn og skáldið Ágúst.

Fyrsta spurningin var hvar hann fengi innblástur til að búa til nýtt lag. Hann sagði það koma frá mismunandi stöðum. Til dæmis var hann í stúdíóinu sínu í síðustu viku að semja jólalag og það er nokkuð einfalt að gera jólalag núna en erfiðara að gera jólalag um sumar. Innblásturinn fer svolítið eftir því hvernig tilfinningin og staðan er.

Hversu lengi hann er að búa til eitt lag er misjafnt. Á nýjustu plötu hans tók hann 3 ár að gera eitt lag en annað tók bara 15 mín sem sýnir hvað tími og innblástur skiptir miklu máli.

En fær hann innblástur frá öðrum lögum? 100 prósent! Eins og þegar hann var að gera jólalagið þá hlustaði hann á jólalög sem honum fannst flott og það sem var ekki „cool“. Þegar við spurðum hann hvert fyrsta lagið hans var mundi hann það ekki.

Þegar við spurðum hvert uppáhalds lagið hans með sjálfum sér væri var hann ekki lengi að svara því. Það er lagið Inn í síðustu nóttina sem hann samdi með Unu Torfa.

Við spurðum Ágúst líka hvað það þýðir fyrir hann að vera skáld. Honum finnst það vera partur að vera að gera það sem hann langar að gera. “Þegar maður býr til eitthvað sjálfur er það þitt og þú átt það.” Hann var samt ekki lengi að svara því hvort honum hefði fundist gaman að lesa ljóð sem krakki, hann svaraði strax nei. Hann var í Borgarhólsskóla sem er grunnskólinn á Húsavík og segir sjálfur að honum hafi gengið vel í því sem hann nennti að gera en ekki vel í því sem hann nennti ekki. Og það hefur ekki breyst. Það mun enginn geta sagt honum að gera eitthvað sem hann nennir ekki að gera.

Eftir að hafa spurt út í skáldið Ágúst skiptum við aðeins um gír og spurðum hann út í prakkarstrik. Hann átti að segja okkur frá einu prakkarastriki. Eins og flestir vita er Ágúst einn af þríburum, tveir bræður og ein systir. Hann og Rúnar bróðir hans voru mjög duglegir í að skipta um föt og stríða kennurunum. Rúnar var með gleraugu og þeir voru ekki í sömu kennslustofunni. Þeim og krökkunum fannst mjög fyndið að þeir væru að skipta um föt og skipta um stofu. Svo var bara beðið eftir hversu lengi það tæki kennarana að fatta hvað væri í gangi.



Þar sem kennarar eru stór partur af skólagöngu okkar spurðum við Ágúst auðvitað um uppáhalds kennarann hans. Það var Hjálmar Bogi Hafliðason út af því að hann leyfði honum að gera það sem hann vildi í 7. bekk. Hann kom meira að segja með píanó að heiman og var með það í horninu á stofunni og þegar hann sá að Ágúst var búinn með úthaldið þá mátti hann spila á píanóið í 10 mínútur og koma svo aftur að læra.

Uppáhalds skáld Ágústs er enginn annar en Bubbi Morthens og þeirri spurningu fannst honum létt að svara. Ein af erfiðu spurningum til hans var kannski sú að ef hann væri ekki söngvari hvað væri hann þá að gera? Hann var alveg viss um að hann myndi ekki fara langt frá tónlistinni og myndi þá vera í hljómsveit, annað hvort sem gítarleikari eða hljómborðsleikari.

Síðasta spurningin okkar var að sjálfsögðu um það hvort hann myndi ekki vera aftur með okkur á árshátíðinni. Hann gat ekki svarað því, það er ekki búið að tala við hann um það. Við biðjum því skólastjórnendur góðfúslega um að fara að vinna í því.



Myndlistahorn

Ylvu og Íseyjar



Í þessum málverkum prófuðum við okkur áfram með ýmis óhefðbundin verkfæri í stað pensla. Við notuðum meðal annars svampa, gaffla, rör, eyrnapinna, tannbursta og uppþvottabursta til að skapa skemmtileg og fjölbreytt mynstur og áferðir.

Við fengum innblástur fyrir þessa mynd frá hjarta límmiða sem við fundum og síðan fannst okkur myndin vera alltof tóm og þá bættum við doppum við myndina.

Þegar við gerðum þessa mynd ætluðum við bara að prófa okkur áfram og sjá hvernig hún myndi koma út. Við lékum okkur með mismunandi liti og mynstur. Markmiðið var að gera frumlegt og fjölbreytt málverk og okkur tókst það svo sannarlega!



Uppskriftahornið

Lakkrístoppar







- 3 eggjahvítur
- 200 g púðursykur
- 150 g rjómasúkkulaðidropar
- 150 g súkkulaðihjúpað lakkrískurl

Aðferð:

- Kveikið á ofninum, stillið á 150°C undir og yfirhita.
- Þeytið eggjahvíturnar og þegar mjúkir toppar hafa myndast bætið þá sykrinum hægt og rólega út í og þeytið þar til eggjahvíturnar eru stífþeyttar.
- Bætið súkkulaðinu og lakkrískurlinu út í, blandið varlega saman við með sleikju.
- Notið tvær teskeiðar til þess að móta toppana, passið að hafa ágætis pláss á milli þar sem topparnir stækka í ofninum.
- Bakið í 16-17 mínútur.

Mömmukossar/Mömmukökur





- 800 g hveiti
- 125 g smjör við stofuhita
- 180 g sykur
- 2 tsk. matrsódi
- 1 tsk. kanill
- ½ tsk. engifer
- 3 egg
- 300 g ylvolgt sýróp

Kremið

400 g flórsykur
125 g smjör
4 msk. sýróp
1 egg
3 tsk. vanillusykur

1. Setjið allt saman í hrærivélarskálina og þeytið þar til létt og ljóst.
2. Setjið um 1 tsk af kremi á köku og klemmið saman með annarri.
3. Best er að geyma kökurnar í kæli og taka þær síðan út eftir hentugleika.

Aðferð:

1. Setjið allt saman í hrærivélarskálina nema sýrópið og hnoðið saman með „króknum“ (einnig hægt að hnoða í höndunum).
2. Hellið ylvolgu sýrópinu saman við blönduna og hnoðið áfram þar til deigið hefur fengið fallega áferð.
3. Plastið vel og kælið í að minnsta kosti 2 klst (má geyma í kæli yfir nótt).
4. Fletjið út og raðið kökum á bökunarpappír, bakið við 180° í 7-10 mínútur. Deigið er frekar hart eftir kælinguna í ísskápnum en ef það er skorið í nokkra minni hluta er lítið mál að mýkja það aftur upp í höndunum áður en það er flatt út.



Kanilsnúðar





Hráefnin:
1 msk þurrger
175 ml mjólk
95 g sykur + 1 msk
95 g smjör (brætt, ég gleymdi að bræða það og notaði smjör við stofuhita sem kom vel út)
1 tsk kanill
2 egg
600 g hveiti
2 tsk vanilludropar
Salt á hnífsoddi

Rjómaostakrem:
140 g smjör, við stofuhita
150 g rjómaostur, við stofuhita
250 g flórsykur + meira ef kremið er of blautt
2 tsk vanilludropar

Fyllingin:
160 g púðursykur
140 g smjör, við stofuhita
2 msk kanill

Aðferð:
Hitið mjólkina þar til hún er volg. Blandið þurrgeri og 1 msk. af sykri eða hunangi saman við. Látið freyða undir viskastykki.
Bætið eggjum, sykri, vanillu og smjöri út í. Hrærið og bætið síðan hveiti, kanil og salti saman við. Hnoðið þar til deigið er slétt.
Hnoðið í 2–3 mínútur, setjið í skál og látið hefast undir viskastykki í 1 klukkustund.
Þeytið saman smjör, púðursykur og kanil fyrir fyllinguna.
Fletjið deigið út, smyrjið fyllingunni yfir, rúllið upp og skerið í snúða. Látið hefast í 30 mínútur.
Bakið við 180°C (blástur) í 18–20 mínútur.
Þeytið saman smjör og rjómaost við stofuhita. Bætið flórsykri og vanillu saman við og þeytið vel.
Smyrjið kreminu á snúðana þegar þeir hafa kólnað örlítið. Berið fram ylvolga!



Randalín lagterta





Kökubotnar
400 gr smjör/smjörlíki
300 gr sykur
3 egg
400 gr síróp
1 kg hveiti
3 tsk hjartarsalt
1 tsk negull
1 tsk kanill
1 tsk engifer
3 msk kakó



Smjörkrem:
1 kg flórsykur
500 gr smjör, við stofuhita.
4 eggjarauður (má sleppa en setjið þá t.d. síróp eða mjólk í staðin til að þynna út).
1 tsk vanilludropar

Finndu orðin

L	Q	X	T	A	M	P	R	Ö	L	V	E
B	J	F	U	N	D	A	S	T	L	X	R
L	A	Ó	P	E	R	T	B	Q	Í	V	I
X	M	N	Đ	Q	A	S	Ó	E	K	P	N
T	R	A	Q	L	X	M	K	V	I	B	D
P	Ó	F	U	V	A	R	T	X	N	M	I
A	E	R	T	Í	Q	B	X	P	G	Ó	K
R	T	A	Ó	S	M	V	E	Q	X	D	P
F	Í	K	A	A	T	Ó	R	L	M	E	Q
X	P	M	A	N	R	U	K	Ö	T	S	D
D	L	Á	K	S	R	E	T	U	V	A	P
Q	G	N	I	K	Í	L	D	N	Y	M	X





Ljóð

Stökur

Bók

Rím

Skáld

Vísa

Erindi

Myndlíking

Líking

Ljóðahornið

Nemendur í Hrafnagilsskóla ljóða yfir sig

Tex

Hundurinn minn Tex hann heitir,
þó flestir segja að hann sé feitur,
Hann er því miður ekki klár
þó hann sé með mikið hár.
-Anný Henrietta Knútsdóttir 9. bekk





Hugrekki

Hugrekki er að prófa eitthvað nýtt,
þó hjartað slái ört,
þá þýðir það ekki að hugrekki sé frítt.
- Heimir Magni Óttarsson 4. bekk

Samherjar

Við erum samherjar,
stöndum hlið við hlið
það stöðvar enginn okkar frábæra lið
sendum boltann og skorum mark
sínum öllum okkar kraft.
-Magnea, Haukur, Eyþór, Arney og Jökull - miðstig

Bókmenntahornið

Til að skilja ljóð þarf aðeins að kafa ofan í þau. Það þarf að lesa á milli línanna og það getur stundum verið erfitt en er alltaf skemmtilegt!

Skoðum þessi ljóð eftir Ásu Marín Hafsteinsdóttur:

Bjartsýni

Á fyrsta vetrardegi
vefur hún trefli um hálsinn,
setur ullarsokka á tærnar,
pakkar sér inn í dúnsæng,
dregur djúpt inn andann
og stillir vekjaraklukkuna á vor.



Í þessu ljóði er ekki mikið um líkingar en myndmálið er **bein mynd**. Bein mynd lýsir öllu eins og lesandi sé að horfa á málverk. Hugblær ljóðsins er kvíði fyrir vetrinum og titillinn er kaldhæðinn. Ljóðmælandi ætlar að vakna að vori og sleppa vetrinum eins og dýr sem leggst í hýði.

Hér er myndmálið mjög ríkt af **persónugervingu** en það er þegar einhverjum fyrirbærum í náttúrunni eru gefnir persónulegir eiginleikar. Kolkrabbinn er persónugerður. Hugblær ljóðsins er spenna og eftirvænting með smá kvíða.

Hjartsláttur

Þegar augu mín nema þig
vaknar kolkrabbinn sem býr í maganum
og kitlar mig.
Fikrar sig upp að hjartanu,
vefur löngum örmum sínum um það,
hlammar sér á hjartaskoruna
og lemur taktfast á hliðarnar.



Krossgáta



Lárétt

1. Karamellur, epli og fjör!
6. Safn Sverris Hermannssonar
7. Hæsta fjallið í Eyjafjarðarsveit
8. Eina ísbúð Eyjafjarðarsveitar

Lóðrétt

2. Besta sundlaugin á landinu
3. Sá sem semur ljóð og sögur
4. Gömul saga um álfa, tröll eða drauga.
5. Veislusalur og tónlistarstaður

Svipmyndir frá yngstastigi





















Svipmyndir frá miðstigi



















Svipmyndir frá unglingastigi

























Ritstjórar skólablaðsins



Kennarar

Vilborg Birna Þorsteinsdóttir
Hans Rúnar Snorrason

Nemendur

Anna María Jónbjörnsdóttir
Björgvin Freyr Snorrason
Einar Hjalti Steingrímsson
Gunnar Krishna Þorgilsson
Hafrún Lea Jónsdóttir
Hafþór Bjarki Óttarsson
Halldóra Brá Hákonardóttir
Iðunn Jónsdóttir
Ísey Nanna V. Krüger
Lilja Sól Kristbjörnsdóttir
Rannveig Rut Reynisdóttir
Ylva Ísadóra E. van der Werve
Þórunn Sif Andradóttir